# Lykilupplýsingaskjal

**Tilgangur:** Þetta upplýsingaskjal veitir mikilvægar upplýsingar um þessa fjárfestingarvöru. Ekki er um auglýsingaefni að ræða. Lög mæla fyrir um að veita skuli þessar upplýsingar og þjóna þær því markmiði að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað sem og mögulegan hagnað og tap vegna vörunnar sem og hjálpa þér við að bera hana saman við aðrar vörur.

**Vara:** PrivatRente WachstumGarant
**Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG**
**www**.vkb.de/content/services/kontakt-aufnehmen/index.html
Frekari upplýsingar fást í síma (089) 2160 0. Fjármálaeftirlit Sambandslýðveldisins Þýskalands (BaFin) ber ábyrgð á eftirliti með Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG hvað lykilupplýsingaskjal þetta varðar.
Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG er með starfsleyfi í Þýskalandi og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Sambandslýðveldisins Þýskalands (BaFin).

Dagsetning lykilupplýsingaskjalsins: 19.07.2025

**Þú ert í þann veginn að festa kaup á flókinni vöru sem getur verið erfitt að skilja.**

## Um hvers konar vöru er að ræða?

**Tegund**

Tryggingafjárfestingin PrivatRente WachstumGarant er söfnunarlífeyristrygging með vísitölutengingu, samkvæmt þýskum lögum, og hentar hún bæði fyrir fjárfestingar einkaaðila og hugsanlega einnig fyrirtækja.Íslensk lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 gilda og ganga framar ef vafi leikur á um samningsákvæði almennu tryggingarskilmálanna.

**Gildistími**

Ráðlögðum eignartíma lýkur við upphaf lífeyristöku. Í dæminu sem hér er tekið er eignartíminn 40 ár. Okkur er heimilt, að tilteknum forsendum uppfylltum, að segja samningnum upp einhliða ef tryggingartaki eða eftir atvikum hinn tryggði einstaklingur hefur brotið gegn tilkynningarskyldu sinni (frekari upplýsingar eru í kaflanum „Hvað merkir tilkynningarskylda áður en samningur er gerður og hvaða afleiðingar hefur það að brjóta gegn henni?“ í almennu skilmálunum).

**Markmið**

Markmið tryggingafjárfestingarinnar PrivatRente WachstumGarant er sjálfbær fjármögnun umsaminna greiðslna langtímalífeyristryggingar**.** Að auki og, ef vafi leikur á, umfram samningsákvæði í almennu vátryggingarskilyrðunum, eiga íslensk lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 við. Í því skyni er fjárfest samkvæmt ákveðinni aðferð, vísitölutengdri fjárfestingarleið 2 (IOK2), í hlutabréfum og í öðrum eignum okkar. Í hverjum mánuði fjárfestir þessi vara nákvæmlega þann hluta iðgjaldanna í IOK2 sem ekki er þörf á til að standa undir ábyrgðinni þinni. Við upphaf lífeyrisgreiðslna eru að minnsta kosti 90% þeirra iðgjalda, sem þú hefur greitt, fyrir hendi til að mynda tryggðan lífeyri eða eingreiðslu. Að auki getur verið að hagnaðarhlutdeild hafi myndast, sem rennur beint inn í fjárfestinguna. Hagnaðarhlutdeildin er í samræmi við lög og reglur og er háð ýmsum þáttum. Helstu áhrifaþættir eru þróun fjármagnsmarkaðarins, þróun kostnaðar og almennar lífslíkur. Við samsetningu fjárfestingarinnar tökum við ekki sérstaklega mið af siðferðilegum, félagslegum og vistfræðilegum fjárfestingum.

**Markhópurinn ein-staklingsfjárfestar**

Þessi vara beinist að viðskiptavinum sem búa á Íslandi. Hún hentar viðskiptavinum sem vilja byggja upp langtímalífeyrissjóð samkvæmt íslenskum lögum. Við upphaf lífeyristöku er boðið upp á ævilangan lífeyri eða greiðslu inneignar.
Viðskiptavinurinn er meðvitaður um að tilteknar sveiflur geta átt sér stað á samningstímanum en þær geta einnig orsakast af gengissveiflum IOK. Varan er fyrir viðskiptavini sem vilja getð áætlað lífeyrisgreiðslur sínar og hafa væntingar um ávöxtun.Fyrir viðskiptavininn skiptir máli að við upphaf lífeyristöku séu að minnsta kosti 90% greiddra iðgjalda notuð í tryggðan lífeyri eða eingreiðslu. Hvað ávöxtun varðar ber viðskiptavinurinn áhættuna af því að þau 10% sem eftir standa geta tapast. Viðskiptavinurinn ætti að hafa þekkingu á fjármálamörkuðum eða reynslu af vátryggingarfjárfestingarvörum og/eða samtengdum fjárfestingarvörum eða leita ráða.

**Tryggingar**

Við greiðum út tryggðan lífeyri ævilangt frá væntanlegum upphafsdegi lífeyrisgreiðslna. Hann er reiknaður út við upphaf lífeyrisgreiðslna út frá iðgjaldasjóðnum þínum á viðkomandi stundu og hugsanlegri úthlutaðri hagnaðarhlutdeild samkvæmt gildandi útreikningsgrunni á þeirri stundu. Að minnsta kosti 90% greiddra iðgjalda eru fyrir hendi til lífeyrisgreiðslna. Tryggð lágmarksinneign getur aukist: tíu prósent af mánaðarlegri verðmætisaukningu IOK2 verða sjálfkrafa að tryggðri ávöxtun.
Við greiðum að lágmarki hinn tryggða lágmarkslífeyri. Strax á útborgunartímanum átt þú rétt á því að fá útborgaðan skertan lífeyri fyrir fram fyrsta dag hvers mánaðar. Í stað lífeyris getur þú einnig látið greiða þér út inneignina með eingreiðslu. Ef þú hefur ekki lífeyristöku á ráðgerðum upphafstíma getur þú gert það á framlengingartímabilinu sem þá tekur við.

Andist hinn tryggði fyrir væntanlegt upphaf lífeyristöku greiðum við út iðgjaldasjóðinn, en að lágmarki samanlagða upphæð greiddra iðgjalda og viðbótargreiðslna fram að því. Andist hinn tryggði eftir upphaf lífeyristöku greiðum við umsamdar dánarbætur að frádregnum tryggðum lífeyri sem greiddur var fram að andláti. Ef ekki hefur verið samið um greiðslu vegna andláts innum við ekki af hendi neina greiðslu og samningnum lýkur. Frekari upplýsingar um greiðslur er að finna í kaflanum „Hvaða áhætta er fyrir hendi og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?“.

Útreikningar okkar í þessu lykilupplýsingaskjali miðast við 27 ára gamlan einstakling með samning sem gildir til 67 ára aldurs og 1.000,00 evru iðgjaldagreiðslu á ári.

Fjárhæðin skiptist nokkurn veginn sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fjöldi iðgjaldagreiðslna | 40 |
| Árlegt meðaliðgjald vegna dánartryggingar (áhættuiðgjald) | 0,00 evrur (0,10 prósent) |
| Árleg fjárfestingarupphæð að meðaltali | 1.000,00 evrur (100,00 prósent) |

Með dánartryggingu myndast kostnaður og hefur hann 0,00 prósenta áhrif á sjóðsávöxtunina við lok ráðlagða eignartímans. Þennan kostnaðarhluta er að finna í rekstrarkostnaðinum í töflunni „Sundurliðun kostnaðar“. Þar er tekið tillit til áhrifa iðgjaldahlutarins sem svarar til áætlaðs virðis tryggingargreiðslnanna.

## Hvaða áhætta er fyrir hendi og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?

**Áhættuvísir**




Heildaráhættuvísirinn hjálpar þér að meta áhættuna sem tengist vörunni samanborið við aðrar vörur. Hann sýnir hversu líklegt það sé að þú tapir fé á þessari vöru, vegna þess að markaðir þróast á tiltekinn hátt eða af því að við erum ófær um að greiða þér út. Við höfum flokkað vöruna í áhættuflokk 1 á kvarðanum 1 til 7, þar sem 1 samsvarar lægsta áhættuflokki. Hættan á hugsanlegu tapi vegna verðmætaþróunar í framtíðinni telst vera mjög lítil. Það er einstaklega ósennilegt að við verðum ekki fær um að greiða þér út, þróist markaðir á óhagstæðan veg.

Ef þú segir upp samningnum áður en umsaminn gildistími hans rennur út færð þú endurkaupsvirði samningsins, að því marki sem um það er að ræða, að frádregnum tilteknum kostnaði (frekari upplýsingar má finna í kaflanum „Hversu lengi ætti ég að geyma fjárfestinguna og get ég tekið út peninga fyrir fram?“), og eftir atvikum að viðbættri hagnaðarhlutdeild.

## Afkomusviðsmyndir

Það sem þú færð út úr vörunni á endanum veltur á markaðsþróun framtíðarinnar. Framtíðarþróun markaða er óviss og ekki er hægt að spá fyrir um hana með vissu. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram byggja á fyrri afkomu og tilteknum forsendum. Markaðir gætu þróast allt öðruvísi í framtíðinni. Áhættusviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við erfiðar markaðsaðstæður.

| Fjárfesting 1.000,00 evrur á ári<br>þar af er meðaláhættuálagið<br>0,00 evrur á ári | | 1 ár | 20 ár | 40 ár |
|---|---|---|---|---|
| **Sviðsmyndir** | | | | |
| **Lágmark** | **36.000,00 evrur. Það er enginn tryggður lágmarkslífeyrir ef þú hættir fyrir lok ráðlagðs eignartíma. Þú gætir þá tapað allri fjárfestingunni eða hluta hennar.**<br>**Ávöxtun er aðeins tryggð ef þú greiðir á réttum tíma og samningurinn helst óbreyttur.** | | | |
| **Áhættusviðsmynd** | **Hvers má vænta að frádregnum kostnaði?** | **620,00 €** | **16.070,00 €** | **38.500,00 €** |
| | Árleg meðalávöxtun | -38,30 % | -2,10 % | -0,20 % |
| **Svartsýn sviðsmynd** | **Hvers má vænta að frádregnum kostnaði?** | **670,00 €** | **18.160,00 €** | **49.800,00 €** |
| | Árleg meðalávöxtun | -32,80 % | -0,90 % | 1,00 % |
| **Meðal sviðsmynd** | **Hvers má vænta að frádregnum kostnaði?** | **740,00 €** | **22.890,00 €** | **62.010,00 €** |
| | Árleg meðalávöxtun | -26,40 % | 1,30 % | 2,00 % |
| **Bjartsýn sviðsmynd** | **Hvers má vænta að frádregnum kostnaði?** | **840,00 €** | **37.200,00 €** | **123.720,00 €** |
| | Árleg meðalávöxtun | -16,00 % | 5,60 % | 4,90 % |
| **Heildarfjárfesting (ásamt kostnaði)** | | 1.000,00 € | 19.981,00 € | 39.981,00 € |
| **Sviðsmynd við andlát** | | | | |
| **Tryggingamál** | **Möguleg upphæð til handa rétthafa að frádregnum kostnaði** | **1.000,00 €** | **23.620,00 €** | **62.010,00 €** |
| **Uppsafnað tryggingariðgjald (áhættuiðgjald)** | | **0,00 €** | **19,00 €** | **19,00 €** |

Tölurnar sem eru sýndar innihalda allan kostnað við vöruna sjálfa, sem og kostnað ráðgjafa þíns eða söluaðila. Persónuleg skattastaða þín er heldur ekki tekin með í reikninginn en hún getur einnig haft áhrif á endanlega upphæð.

## Hvað gerist ef Bayern-Versicherung getur ekki innt greiðsluna af hendi?

Bayern-Versicherung er aðili að Sicherungseinrichtung Protektor Lebensversicherung-AG. Þessi samtök tryggja að jafnaði vernd alls uppsafnaðs sparnaðar ef tryggingafélag verður gjaldþrota. Skyldi varasjóður tryggingasamtakanna ekki nægja getur, að fengnu samþykki Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (fjármálaeftirlit Þýskalands), komið til allt að 5,00 prósenta rýrnunar á umsömdum tryggingargreiðslum.

## Hvaða kostnaður fellur til?

Sá/sú sem selur þér þessa vöru eða ráðleggur þér um þessa vöru gæti rukkað þig um aukakostnað. Ef svo er raunin mun viðkomandi aðili upplýsa þig um slíkan kostnað og útskýra hvaða áhrif kostnaðurinn muni hafa á fjárfestinguna. Töflurnar sýna fjárhæðir, sem dregnar eru af fjárfestingunni þinni, til að standa straum af ýmsum kostnaði. Fjárhæðirnar fara eftir upphæð fjárfestingarinnar þinnar, hversu lengi þú átt vöruna og hversu vel varan stendur sig. Upphæðirnar sem eru sýndar hér eru dæmi um fjárfestingarupphæð og ýmis möguleg fjárfestingartímabil. Við höfum lagt til grundvallar eftirfarandi forsendur:

- Fyrsta árið færðu fjárfestu upphæðina til baka (0% ársávöxtun). Fyrir annan eignartíma höfum við gert ráð fyrir að varan þróist eins og sýnt er í miðsviðsmyndinni
- 1.000,00 evrur á ári

### Kostnaður með tímanum

| | Innlausn eftir 1 ár | Innlausn eftir 20 ár | Innlausn eftir 40 ár |
|---|---|---|---|
| Samtals kostnaður | 285,00 € | 4.683,00 € | 14.332.00 € |
| Árleg áhrif kostnaðar (*) | 34,77 % | 2,26 % | 1,52 % |

(*) Þessar tölur sýna hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á ári á eignartímabilinu. Ef þú til dæmis hættir í lok ráðlagðs eignartíma er líklegt að meðalávöxtun þín verði 3,55 % fyrir kostnað og 2,03 % eftir kostnað.

### Sundurliðun kostnaðar

| **Þessi tafla sýnir áhrif á árlega ávöxtun** | | |
|---|---|---|
| **Einskiptiskostnaður við skráningu eða innlausn** | | Árleg áhrif kostnaðar ef þú hættir eftir 40 ár |
| Skráningarkostnaður | 1,88 % af upphæðinni sem þú greiðir þegar þú fjárfestir fyrst. | 0,12 % |
| Innlausnarkostnaður | Undir innlausnarkostnaði er sýnt „á ekki við“ í næsta dálki þar sem hann leggst ekki á ef þú átt vöruna til loka ráðlagðs eignartíma. | á ekki við |
| **Rekstrarkostnaður** | | |
| Færslukostnaður | 0,19% af verðmæti fjárfestingar þinnar á ári. Hér er um að ræða mat á kostnaði við að kaupa eða selja undirliggjandi eignir fyrir vöruna. Raunveruleg upphæð fer eftir því hversu mikið við kaupum og seljum. | 0,19 % |
| Stjórnunargjöld og annar stjórnunar- eða rekstrarkostnaður | 4,50 % af greiddri fjárfestingu<br>1 ,20 % af uppsafnaðri fjárfestingu<br>1 5 ,00 evrur á ári<br>Um er að ræða áætlun sem byggir á raunkostnaði síðasta árs. | 1,21 % |

Mismunandi kostnaður á við og ræðst hann af fjárfestingarupphæðinni.

## Hversu lengi á ég að eiga fjárfestinguna og get ég tekið út peninga fyrir fram?

**Fyrir 27 ára gamlan einstakling er mælt með 40 ára samningstíma**

Þú getur afturkallað samningsyfirlýsingu þína innan 30 daga, sjá einnig 1. og 2. gr. þýskra laga um upplýsingaskyldu við tryggingasamninga (VVG-InfoV). Nánari upplýsingar er að finna í upplýsingum um afturköllun sem afhentar eru með tryggingarskírteininu.

Ráðlögðum eignartíma lýkur þegar lífeyristaka hefst og miðast hann við lífeyrismarkmiðið.
Þú getur sagt upp samningnum hvenær sem er og tekur uppsögnin gildi á fyrsta degi næsta mánaðar þar á eftir. Þegar um slíkt er að ræða er þér greitt endurkaupsvirðið að viðbættri hugsanlegri hagnaðarhlutdeild með frádrætti (frekari upplýsingar má fá í kaflanum „Hvenær má segja upp samningnum og hvert er framlag okkar" í almennu skilmálunum).

## Hvernig get ég komið á framfæri kvörtunum?

Þú getur komið á framfæri kvörtunum um vöruna, okkur eða einstaklinginn sem seldi þér vöruna símleiðis (símanúmer: 089/2160-0). Við munum útskýra fyrir þér hvað þú getur gert. Einnig má koma kvörtunum á framfæri á heimasíðu okkar (www.vkb.de/content/services/kontakt-aufnehmen/lob-und-tadel/index.html), bréfleiðis
(Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG, Maximilianstrasse 53, 81535 München) eða með tölvupósti (service@vkb.de).

## Aðrar hagnýtar upplýsingar

Upplýsingarnar sem koma fram í þessu lykilupplýsingaskjali byggja á fyrirmælum Evrópusambandsins og geta því vikið frá upplýsingaskyldu við gerð (for)samninga samkvæmt þýskum lögum. Aðrar hagnýtar upplýsingar er að finna í persónulegu tilboði okkar.
Við undirritun samningsins færð þú eftirfarandi gögn sem innihalda mikilvægar viðbótarupplýsingar sem þú átt rétt á samkvæmt lögum: upplýsingar samkvæmt þýsku tilskipuninni um upplýsingaskyldu við tryggingasamninga (VVG-Informationspflichtenverordnung), almenna samningsskilmála, almennar ábendingar um skattamál, tryggingarskírteini.

# Basisinformationsblatt

**Zweck:** Dieses Informationsblatt stellt Ihnen wesentliche Informationen über dieses Anlageprodukt zur Verfügung. Es handelt sich nicht um Werbematerial. Diese Informationen sind gesetzlich vorgeschrieben, um Ihnen dabei zu helfen, die Art, das Risiko, die Kosten sowie die möglichen Gewinne und Verluste dieses Produkts zu verstehen, und Ihnen dabei zu helfen, es mit anderen Produkten zu vergleichen.

**Produkt:** PrivatRente WachstumGarant

**Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG**
www.vkb.de/content/services/kontakt-aufnehmen/index.html
weitere Informationen erhalten Sie telefonisch unter der Telefonnummer (089) 2160 0
Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin) ist für die Aufsicht von Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG in Bezug auf dieses Basisinformationsblatt zuständig.
Die Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG ist in Deutschland zugelassen und wird von der Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin) reguliert.

Stand des Basisinformationsblatts: 19.07.2025

**Sie sind im Begriff, ein Produkt zu erwerben, das nicht einfach ist und schwer zu verstehen sein kann.**

## Um welche Art von Produkt handelt es sich?

**Art**

Das Versicherungsanlageprodukt PrivatRente WachstumGarant ist eine aufgeschobene Rentenversicherung nach deutschem Recht mit Indexorientierung, die sowohl für private, als auch ggf. für betriebliche Anlagen geeignet ist.

Ergänzend und im Zweifel vorrangig gegenüber den vertraglichen Bestimmungen in den Allgemeinen Versicherungsbedingungen gilt das isländische Gesetz über die Pflichtversicherung von Rentenrechten und Aktivitäten von Rentenfonds Nummer 129/1997.

**Laufzeit**

Die empfohlene Haltedauer endet mit Erreichen des Rentenbeginns. Für die Berechnungen in diesem Musterfall beträgt die Haltedauer 40 Jahre.

Wir können den Vertrag unter bestimmten Voraussetzungen einseitig auflösen, wenn der Versicherungsnehmer bzw. die versicherte Person die vorvertragliche Anzeigepflicht verletzt hat (siehe hierzu Abschnitt "Was bedeutet die vorvertragliche Anzeigepflicht und welche Folgen hat ihre Verletzung?" der Allgemeinen Bedingungen).

**Ziele**

Das Ziel des Versicherungsanlageproduktes PrivatRente WachstumGarant ist die nachhaltige Finanzierung der vereinbarten Leistungen zur langfristigen Vorsorge. Hierzu erfolgt die Kapitalanlage nach einem festgelegten Verfahren in Anteile an der indexorientierten Kapitalanlage 2 (IOK 2) und in unser übriges Vermögen. Das Produkt investiert monatlich genau den Teil der Beiträge in die IOK 2, der nicht für die Sicherstellung Ihrer Garantie benötigt wird.
Zu Beginn der Rentenzahlung stehen mindestens 90 % Ihrer gezahlten Beiträge für die Bildung der garantierten Rente bzw. Kapitalleistung zur Verfügung.

Zusätzlich kann sich eine Überschussbeteiligung ergeben, welche unmittelbar in die Kapitalanlage einfließt. Die Überschussbeteiligung folgt gesetzlichen Vorgaben und hängt von verschiedenen Faktoren ab. Wesentliche Einflusskriterien sind die Entwicklung des Kapitalmarkts, die Kostenentwicklung und die allgemeine Lebenserwartung. Bei der Zusammenstellung der Kapitalanlage haben wir ethische, soziale und ökologische Anlageformen nicht gezielt berücksichtigt.

**Kleinanleger-Zielgruppe**

Dieses Produkt richtet sich an Kunden, die in Island ansässig sind. Es ist für Kunden geeignet, die über einen längerfristigen Zeitraum Vorsorgekapital für eine nach isländischem Recht geförderte Altersvorsorge aufbauen möchten. Zum Rentenbeginn wollen sie eine lebenslange Rente oder eine Kapitalzahlung erhalten. Gewisse Schwankungen im Vertragsverlauf, die auch durch Kursschwankungen der IOK 2 entstehen können, nimmt der Kunde in Kauf. Das Produkt ist für sicherheitsorientierte Kunden geeignet, denen die Planbarkeit ihrer Altersvorsorge wichtig ist und die Renditeerwartungen haben.

Dem Kunden ist es wichtig, dass bei Rentenbeginn mindestens 90 % seiner gezahlten Beiträge für die garantierte Rente bzw. Kapitalleistung verwendet werden. Zugunsten von Ertragschancen trägt der Kunde das Risiko, dass es hinsichtlich der übrigen 10 % zu Verlusten kommen kann. Der Kunde sollte über Kenntnisse über Finanzmärkte oder Erfahrungen mit Versicherungsanlageprodukten und/oder verpackten Anlageprodukten verfügen oder sich beraten lassen.

**Versicherungsleistungen und Kosten**

Ab dem voraussichtlichen Rentenbeginn zahlen wir lebenslang eine garantierte Rente. Diese berechnen wir zum Beginn der Rentenzahlung aus dem dann vorhandenen Deckungskapital und ggf. zugeteilten Überschussanteilen mit dann maßgeblichen Rechnungsgrundlagen. Für die Verrentung stehen mindestens 90 % der gezahlten Beiträge zur Verfügung.
Das garantierte Mindestkapital kann sich erhöhen: zehn Prozent eines monatlichen Wertzuwachses der IOK 2 werden als Ertrag automatisch gesichert.
Wir zahlen mindestens die garantierte Mindestrente. Bereits während der Abrufphase können Sie zum Ersten eines Monats vorzeitig eine verminderte Rente abrufen. Statt der Renten können Sie sich auch eine einmalige Kapitalleistung auszahlen lassen. Wenn Sie die Rentenzahlung nicht zum voraussichtlichen Rentenbeginn abrufen, können Sie dies in der sich anschließenden Verlängerungsphase tun.
Stirbt die versicherte Person vor dem voraussichtlichen Rentenbeginn, zahlen wir das Deckungskapital, mindestens aber die Summe der bis dahin gezahlten Beiträge und Zuzahlungen. Stirbt die versicherte Person nach Rentenbeginn, zahlen wir das für den Todesfall vereinbarte Kapital abzüglich der bis zum Tod gezahlten garantierten Renten. Wurde keine Todesfallleistung vereinbart, erbringen wir keine Leistung und der Vertrag endet. Weitere Angaben zu den Leistungen finden Sie im Abschnitt "Welche Risiken bestehen und was könnte ich im Gegenzug dafür bekommen?".
Für die Berechnungen in diesem Basisinformationsblatt gehen wir beispielhaft von einem 27 Jährigen mit einer Vertragslaufzeit bis zum Ablauftermin mit Endalter 67 Jahren und 1.000,00 Euro Jahresbeitrag aus.
Der Beitrag teilt sich ungefähr wie folgt auf:

| | |
|---|---|
| Anzahl der Beiträge: | 40 |
| Durchschnittliche jährliche Versicherungsprämie für den Todesfallschutz (Risikoprämie) | 0,00 Euro (0,10 Prozent) |
| Durchschnittlicher jährlicher Anlagebetrag | 1.000,00 Euro (100,00 Prozent) |

Durch den Todesfallschutz entstehen Kosten, deren Auswirkung auf die Anlagerendite zum Ende der empfohlenen Haltedauer beträgt 0,00 Prozent. Dieser Kostenanteil ist in der Tabelle "Zusammensetzung der Kosten" in den sonstigen laufenden Kosten enthalten. Die Auswirkung des Prämienteils, der dem geschätzten Wert der Versicherungsleistungen entspricht, ist darin berücksichtigt.

## Welche Risiken bestehen und was könnte ich im Gegenzug dafür bekommen?

**Risikoindikator**

| **1** | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
|---|---|---|---|---|---|---|

**Niedrigeres Risiko** ⟷ **Höheres Risiko**

Dieser Risikoindikator beruht auf der Annahme, dass Sie das Produkt 40 Jahre halten. Bitte beachten Sie das Währungsrisiko. Sie erhalten Zahlungen in einer anderen Währung, sodass Ihre endgültige Rendite vom Wechselkurs zwischen den beiden Währungen abhängen wird. Dieses Risiko ist bei dem oben angegebenen Indikator nicht berücksichtigt.

Der Gesamtrisikoindikator hilft Ihnen, das mit diesem Produkt verbundene Risiko im Vergleich zu anderen Produkten einzuschätzen. Er zeigt, wie hoch die Wahrscheinlichkeit ist, dass Sie bei diesem Produkt Geld verlieren, weil sich die Märkte in einer bestimmten Weise entwickeln oder wir nicht in der Lage sind, Sie auszubezahlen. Wir haben dieses Produkt auf einer Skala von 1 bis 7 in die Risikoklasse 1 eingestuft, wobei 1 der niedrigsten Risikoklasse entspricht. Das Risiko potenzieller Verluste aus der künftigen Wertentwicklung wird als sehr niedrig eingestuft. Bei ungünstigen Marktbedingungen ist es äußerst unwahrscheinlich, dass unsere Fähigkeit beeinträchtigt wird, Sie auszuzahlen.

Wenn Sie den Vertrag vor dem vereinbarten Ablauftermin kündigen, erhalten Sie, soweit vorhanden, den Rückkaufswert Ihres Vertrages vermindert um einen Abzug (siehe hierzu Abschnitt "Wie lange sollte ich die Anlage halten, und kann ich vorzeitig Geld entnehmen?") zuzüglich einer ggf. vorhandenen Überschussbeteiligung.

## Performance-Szenarien

Was Sie bei diesem Produkt am Ende herausbekommen, hängt von der künftigen Marktentwicklung ab.
Die künftige Marktentwicklung ist ungewiss und lässt sich nicht mit Bestimmtheit vorhersagen.
Die dargestellten Szenarien beruhen auf Ergebnissen aus der Vergangenheit und bestimmten Annahmen.
Die Märkte könnten sich künftig völlig anders entwickeln.
Das Stressszenario zeigt, was Sie unter extremen Marktbedingungen zurückbekommen könnten.

| **Anlage 1.000,00 Euro pro Jahr<br>davon durchschnittliche Risiko-prämie 0,00 Euro pro Jahr** | | **1 Jahr** | **20 Jahre** | **40 Jahre** |
|---|---|---|---|---|
| **Erlebensfall-Szenarien** | | | | |
| **Minimum** | **36000,00 Euro. Es gibt keine garantierte Mindestrente, wenn Sie vor Ende der empfohlenen Haltedauer aussteigen. Sie können dann Ihre Anlage ganz oder teilweise verlieren. Die Rendite ist nur dann garantiert, wenn Sie Ihre Zahlungen fristgerecht leisten und der Vertrag unverändert bleibt.** | | | |
| **Stressszenario** | **Was Sie nach Abzug der Kosten erhalten könnten** | **620,00 €** | **16.070,00 €** | **38.500,00 €** |
| | Jährliche Durchschnittsrendite | -38,30 % | -2,10 % | -0,20 % |
| **Pessimistisches Szenario** | **Was Sie nach Abzug der Kosten erhalten könnten** | **670,00 €** | **18.160,00 €** | **49.800,00 €** |
| | Jährliche Durchschnittsrendite | -32,80 % | -0,90 % | 1,00 % |
| **Mittleres Szenario** | **Was Sie nach Abzug der Kosten erhalten könnten** | **740,00 €** | **22.890,00 €** | **62.010,00 €** |
| | Jährliche Durchschnittsrendite | -26,40 % | 1,30 % | 2,00 % |
| **Optimistisches Szenario** | **Was Sie nach Abzug der Kosten erhalten könnten** | **840,00 €** | **37.200,00 €** | **123.720,00 €** |
| | Jährliche Durchschnittsrendite | -16,00 % | 5,60 % | 4,90 % |
| **Kumulierter Anlagebetrag (inklusive Kosten)** | | 1.000,00 € | 19.981,00 € | 39.981,00 € |
| **Todesfallszenario** | | | | |
| **Versicherungsfall** | **Was Ihre Begünstigten nach Abzug der Kosten erhalten könnten** | **1.000,00 €** | **23.620,00 €** | **62.010,00 €** |
| **Kumulierte Versicherungsprämie (Risikoprämie)** | | **0,00 €** | **19,00 €** | **19,00 €** |

In den angeführten Zahlen sind sämtliche Kosten des Produkts selbst enthalten sowie die Kosten Ihres Beraters oder Ihrer Vertriebsstelle. Unberücksichtigt ist auch Ihre persönliche steuerliche Situation, die sich ebenfalls auf den am Ende erzielten Betrag auswirken kann.

## Was geschieht, wenn die Bayern-Versicherung nicht in der Lage ist, die Auszahlung vorzunehmen?

Die Bayern-Versicherung ist Mitglied in der Sicherungseinrichtung Protektor Lebensversicherung-AG. Diese Einrichtung gewährleistet in der Regel den Schutz des gesamten bisher angesparten Kapitals im Insolvenzfall eines Versicherungsunternehmens. Sollten die finanziellen Reserven der Sicherungseinrichtung nicht ausreichen, kann es mit Zustimmung der Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht zu Abschlägen von bis zu 5,00 Prozent der vereinbarten Versicherungsleistungen kommen.

## Welche Kosten entstehen?

Die Person, die Ihnen dieses Produkt verkauft oder Sie dazu berät, kann Ihnen weitere Kosten berechnen. Sollte dies der Fall sein, teilt diese Person Ihnen diese Kosten mit und legt dar, wie sich diese Kosten auf Ihre Anlage auswirken werden.
In den Tabellen werden Beträge dargestellt, die zur Deckung verschiedener Kostenarten von Ihrer Anlage entnommen werden. Diese Beträge hängen davon ab, wie viel Sie anlegen, wie lange Sie das Produkt halten und wie gut sich das Produkt entwickelt. Die hier dargestellten Beträge veranschaulichen einen beispielhaften Anlagebetrag und verschiedene mögliche Anlagezeiträume.
Wir haben folgende Annahme zugrunde gelegt:

- Im ersten Jahr würden Sie den angelegten Betrag zurückerhalten (0 % Jahresrendite). Für die anderen Halteperioden haben wir angenommen, dass sich das Produkt wie im mittleren Szenario dargestellt entwickelt
- 1.000,00 Euro pro Jahr

**Kosten im Zeitverlauf**

| | Wenn Sie nach 1 Jahr einlösen | Wenn Sie nach 20 Jahren einlösen | Wenn Sie nach 40 Jahren einlösen |
|---|---|---|---|
| **Kosten insgesamt** | **285,00 €** | **4.683,00 €** | **14.332,00 €** |
| Jährliche Auswirkungen der Kosten (*) | 34,77 % | 2,26 % | 1,52 % |

(*) Diese Angaben veranschaulichen, wie die Kosten Ihre Rendite pro Jahr während der Haltedauer verringern. Wenn Sie beispielsweise zum Ende der empfohlenen Haltedauer aussteigen, wird Ihre durchschnittliche Rendite pro Jahr voraussichtlich 3,55 % vor Kosten und 2,03 % nach Kosten betragen.

**Zusammensetzung der Kosten**

| **Diese Tabelle zeigt die Auswirkungen auf die Rendite pro Jahr** | | |
|---|---|---|
| **Einmalige Kosten bei Einstieg oder Ausstieg** | | Jährliche Auswirkung der Kosten wenn Sie nach 40 aussteigen |
| Einstiegskosten | 1,88 % des Betrags, den Sie beim Einstieg in diese Anlage zahlen. | 0,12 % |
| Ausstiegskosten | Unter Ausstiegskosten wird in der nächsten Spalte „nicht zutreffend“ angegeben, da sie nicht anfallen, wenn Sie das Produkt bis zum Ende der empfohlenen Haltedauer halten. | nicht zutreffend |
| **Laufende Kosten** | | |
| Transaktionskosten | 0,19 % des Werts Ihrer Anlage pro Jahr. Hierbei handelt es sich um eine Schätzung der Kosten, die anfallen, wenn wir die zugrunde liegenden Anlage für das Produkt kaufen oder verkaufen. Der tatsächliche Betrag hängt davon ab, wieviel wir kaufen und verkaufen. | 0,19 % |
| Verwaltungsgebühren und sonstige Verwaltungs- oder Betriebskosten | 4,50 % der eingezahlten Anlage<br>1,20 % der kumulierten Anlage<br>15,00 EUR pro Jahr<br><br>Hierbei handelt es sich um eine Schätzung auf der Grundlage der tatsächlichen Kosten des letzten Jahres. | 1,21 % |

Je nach Anlagebetrag fallen unterschiedliche Kosten an.

## Wie lange sollte ich die Anlage halten, und kann ich vorzeitig Geld entnehmen?

**Empfohlene Haltedauer: 40 Jahre für einen 27-jährigen**

Sie können Ihre Vertragserklärung innerhalb von 30 Tagen widerrufen, siehe auch Informationen nach §§ 1 und 2 VVG-InfoV. Näheres können Sie der Widerrufsbelehrung entnehmen, die sie mit dem Versicherungsschein erhalten.

Die empfohlene Haltedauer endet mit Erreichen des Rentenbeginns und ist am Vorsorgeziel ausgerichtet. Sie können Ihren Vertrag jederzeit zum nächsten oder einem folgenden Monatsersten kündigen. In diesem Fall erhalten Sie einen Rückkaufswert zuzüglich einer ggf. vorhandenen Überschussbeteiligung vermindert um einen Abzug (siehe hierzu Abschnitt "Wann können Sie Ihren Vertrag kündigen, und welche Leistungen erbringen wir?" der Allgemeinen Bedingungen).

## Wie kann ich mich beschweren?

Sie können sich über das Produkt, über uns oder über die Person, die Ihnen das Produkt verkauft hat, per Telefon (Telefonnummer: 089/2160-0) bei uns beschweren. Wir werden Ihnen erklären, was Sie tun können. Ihre Beschwerde können Sie auch über unsere Internetseite (https://www.vkb.de/content/services/kontakt-aufnehmen/lob-und-tadel/index.html), per Brief (Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG, Maximilianstraße 53,81535 München) oder per E-Mail (service@vkb.de) bei uns einreichen.

## Sonstige zweckdienliche Angaben

Die in diesem Basisinformationsblatt dargestellten Informationen beruhen auf EU-Vorgaben und können sich daher von den (vor)vertraglichen Informationspflichten nach deutschem Recht unterscheiden. Weitere zweckdienliche Angaben finden Sie in dem von uns erstellten persönlichen Angebot.
Bei Abschluss des Vertrags erhalten Sie zusätzlich wichtige Informationen in den folgenden Unterlagen, auf die Sie einen gesetzlichen Anspruch haben: Informationen nach VVG-Informationspflichtenverordnung, Allgemeine Bedingungen, Allgemeine Steuerhinweise, Bedingungen, Versicherungsschein.